



Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær

Breyting á lóð við Hamarsbraut 5, 220 Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 7.2.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Hamarsbraut 5 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða grenndarkynna tillöguna skv.2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að: Komið er fyrir tvíbýli á lóðinni.

Ekki eru gerðar tillögur að öðrum skilmála breytingum. Heimilt byggingarmagn á lóð verður áfram 204,8 m² (nhl. 0,45) og aðrir þættir en snúa að gerð hússins eins og kveður á um sk. gildandi skilmálum. Bílastæði eru leyst innan lóðar.

Á fylgigögnum má sjá breytingartillöguna.

Breytingarnar verða grenndarkynntar frá 24.3.2017 til 05.05.4.2017.

Tillögurnar verða jafnframt til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2, frá 24.03.2017 – 05.05.2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is
Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 5. maí 2017. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.